

Skólanámskrá

2025 – 2026



Nám og kennsla
1. bekkur

Umsjónarkennarar
Elsa Björk Guðjónsdóttir
Inga Bjarney Óladóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnssupplýsingar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 1. bekk	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla.....	3
Námsmat	4
Lykilhæfni	4
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	4
Íslenska.....	5
Samfélagsgreinar.....	7
Náttúrugreinar	7
Heimilisfræði.....	8
Hönnun og smíði	8
Sjónlistir	9
Textílmennt	9
Upplýsinga- og tæknimennt	10
Skólaíþróttir.....	10
Smiðjur	11
Forskóli Tónlistarskóla Reykjaneshæjar	12
Listir	12

Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 1. bekkjar eru Elsa Björk Guðjónsdóttir og Inga Bjarney Óladóttir. Heimastofur eru í stofum 210 og 211. Stuðningsfulltrúar eru Ásdís Björk Þorvaldsdóttir og Pálína Særós Pálsdóttir. Nemendur fá 30 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar:

-  Íþróttir – Ásgerður Bjarklind Bjarkad., Heiðrún Rós Þórðard. og Margrét Ólöf Richardsd.
-  Sund – Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir
-  Heimilisfræði – Anna Kristín Friðriksdóttir
-  Textílmennt – Sara Símonardóttir
-  Hönnun og smíði – Berglind Richardsdóttir
-  Myndlist – Helena María Guttesen
-  Forskóli – Geirþrúður Bogadóttir

Viðmiðunarstundaskrá fyrir 1. bekk

-  Íslenska – 7 stundir
-  Stærðfræði – 5 stundir
-  Samfélagsgreinar – 4 stundir
-  Náttúrufræðigreinar – 3 stundir
-  Íþróttir/sund – 3 stundir
-  List- og verkgreinar – 4 stundir
-  Upplýsinga- og tæknimennt – 1 stund
-  Fjölval – 2 stundir
-  Forskóli / listgreinar – 1 stund

Samtals: 30 stundir á viku

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í læsinnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgastr má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.

90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
20	55	75

Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lesfimi er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla. Í 1. bekk er yfirlætt ekki notast við matsrammann.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

-  Ólokið, ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
-  Hæfni ekki náð, ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
-  Þarfnast þjálfunar, ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
-  Á góðri leið, ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
-  Góð hæfni, ef nemandi hefur náð góðri hæfni til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
-  Mjög góð hæfni, ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt mjög góða hæfni við þá vinnu.
-  Framúrskarandi, ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 1. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, umhyggja, umburðarlyndi, virðing og jafnrétti kynjanna.

Íslenska

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 1.-4. bekk í fjóra þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Lestrarlandið - sögubók og vinnubók 1/1+ og 2 /2+.
-  Líttlestrarblöð/bækur við hæfi hvers og eins
-  Skrift 1a og Skrift 1b, skriftarblöð/stafablöð
-  Orðasafnið mitt
-  Sögubókin mín
-  Ritrún 1
-  Íslenskustuð og annað efni á vef
-  Yndislestrarbækur af bókasafni
-  Bækur og ljósrituð hefti/blöð

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Stafainnlögn, markviss málörvun daglega
-  Lesið daglega fyrir nemendur, bæði til skemmtunar og fróðleiks
-  Rætt um innihald texta og verkefni unnin úr þeim
-  Nemendur læra ljóð og söngva
-  Fjölbreytt verkefni við hæfi hvers og eins
-  Sýnikennsla
-  Útikennsla
-  Umræður
-  Einstaklingsvinna
-  Paravinna
-  Hópavinna
-  Stöðvinna
-  Vinalestur
-  Lausir stafir
-  Leir
-  Stafainnlögn endurtekin og aðlagð námsefni fyrir þá sem þurfa

Námsmat

-  Bókstafakönnun í september.
-  Lesfímipróf í september, janúar og maí. Misjafnt er hvenær nemendur 1. bekkjar fara í fyrsta lesfímiprófið, það fer eftir lestrarstöðu.
-  Hlustunarskilningur í janúar.
-  Lesskilningur í maí.
-  Lykilhæfni er metin jafnt og þétt yfir skólaárið og er sett á Mentor í byrjun maí.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í sjö flokkum. Þrír flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; rúmfræði og mælingar og tölfræði. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið

Kennsluefni og kennslugögn

-  Sproti 1a æfingahefti - valdar blaðsíður
-  Sproti 1b og 2a - æfingahefti og nemendabók
-  Stærðfræðispæjarar 1
-  Ljósritað efni frá kennurum
-  Stærðfræðileikir
-  Stærðfræðivefir
-  Ýmis forrit
-  Kubbar
-  Leir
-  Talnagrindur
-  Teningar
-  Málbönd
-  Reglustikur
-  Vasareiknivélar
-  Spil

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Innlagir á stærðfræðipáttum og verkefni unnin samhliða
-  Fjölbreytt vinnubrögð
-  Almennar umræður um stærðfræði
-  Sýnikennsla
-  Útikennsla
-  Einstaklingsvinna
-  Hópavinna
-  Paravinna
-  Stöðvavinna
-  Unnið einstaklingslega með þeim sem þess þurfa og einstaklingsnámskrá gerð
-  Fjölbreytt aukaefni fyrir lengra komna
-  Nemendur vinna í stærðfræði á sínum hraða og á sínum forsendum

Námsmat

-  Lotukannanir reglulega yfir skólaárið.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokka: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmynd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagsheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Halló heimur 1
-  Vináttuverkefni Barnaheilla (Blær)
-  Kennsla í PBS - virðing, ábyrgð og vinsemd

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Fjölbreytt vinnubrögð m.a. leikur og leikræn tjáning
-  Framsögn og virk hlustun
-  Samþætting námsgreina
-  Sýnikennsla
-  Útikennsla
-  Umræður
-  Einstaklingsvinna
-  Paravinna
-  Hópavinna
-  Stöðvavinna
-  Aðlagð/einfaldað námsefni, er það sama og nemendur vinna með alla jafna

Námsmat

-  Ekkert námsmat

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í tvo þætti; verklag og viðfangsefni sem eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Halló heimur 1
-  Ítarefni: Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu líkamann og íslensku húsdýrin
-  Ýmis verkefni frá kennara, ljósrituð og af netinu
-  Ýmis útikennslugögn

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Umræður
-  Útikennsla
-  Verkefnavinna
-  Einstaklingsvinna
-  Paravinna
-  Hópavinna
-  Stöðvavinna

Námsmat

-  Ekkert námsmat

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyra hverjum fæðuflokk.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Gott og gaman ásamt ljósrituðu efni frá kennara.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Kennari og eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa á því að halda. Unnið er bæði í einstaklingsvinnu og hópavinnu. Bæði verklega og bóklega.

Námsmat

-  Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tímum bæði bóklegri og verklegri.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera og breyta hugmynd eða hlut, t.d. með tilliti til útlits eða virkni, vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mótandi áhrif á umhverfi sitt.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Hugmyndir af netinu, hugmyndabanki fyrir 1.-4. bekk. Byrjað er á því að vinna með við, s.s. krossvið, MDF, furu, stundum annað sem til fellur. Áhöld sem hæfa hverju verkefni fyrir sig. - sandpappír, sög, málningu, hamar og fleira.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Sýnikennsla, einstaklingskennsla, umræður og samvinnunám.

Námsmat

-  Byggist á símati kennara á vinnu nemenda. Kennari fylgist með ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.

Sjónlistir

Hæfniviðmið

Í sjónlistum læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Notast við efni af netinu og bækur. Frjáls frásögn sagna (þeirra eigin spuni) og mynda úrvinnsla úr sögugerðinni. Áhöld myndlistar, pappír, blýantur, trélitir, tússlitir, strokleður, skæri, málning, penslar. Efni úr náttúrunni, t.d. laufblöð, blóm, strá. Endurvinnsla kynnt með endurnýtingu efna, t.d. pappi úr salernis-, pappa- og eldhúsrúllu.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Umræður, hópavinna og einstaklingsvinna. Skoðun og upplifun umhverfis, með tilliti til þess að sjá áhrif listar á umhverfi og menningu. Kennd eru grunnatriði í teikningu, frjálsri teikningu, málun og litablöndun. Unnið er með hugmynd sem verður að lokaafurð.

Námsmat

-  Símat kennara á vinnu nemenda. Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans. Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni. Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemendum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Textílmennt þjálfar nemendur í fínhreyfingum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Myndir og myndbönd. Prentuð verkefni fyrir efnisfræði. Grófur strammi, gróf javanál og ullargarn.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Einstaklingskennsla, lausnarleitarnám, umræður og spuni.
-  Þeir nemendur sem klára verkefnið fyrr fá aukaverkefni.
-  Þeir nemendur sem vinna hægar fá auka aðstoð.

Námsmat

-  Námsmatið er út frá verklegum einstaklingsverkefnum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Í upplýsinga- og tæknimennt eru hæfniviðmið aðalnámskrár sett fram í fimm flokkum en mikilvægt er að líta á þau sem heild. Hæfniviðmiðin eru vinnulag og vinnubrögð, upplýsingaöflun og úrvinnsla, tækni og búnaður, sköpun og miðlun auk siðferðis og öryggismála.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Spjaldtölvur

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Sýnikennsla
-  Sjálfstæð vinnubrögð

Námsmat

-  Lykilhæfni

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

[Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið](#)

Kennsluefni og kennslugögn

-  Öll almenn áhöld íþróttahúsa og sundlauga.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Þar og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum. Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið eða hópa í hreyfileikjum eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun. Nemendur sem eru með slakari færni fá fleiri endurtekningar og æfingar brotnar meira niður. Nemendur sem eru með hafa betri færni fá flóknari æfingar og fara lengri vegalengdir. Nemendur af erlendum uppruna fá meiri sýnikennslu frekar en munnleg fyrirmæli.

Námsmat

Íþróttir – hæfni metin: Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

-  Hæfni í eftirfarandi verklegum þáttum verður metin: Hlaupapróf, sipp, liðleiki, jafnvægi, kollhnis, langstökk án atrennu, kasta bolta og grípa grjónapoka.
-  Áhugi og virkni verður metin:
- Framúrskarandi - Er alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Hæfni náð - Er mjög oft áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Á góðri leið - Er oft áhugasamur og virkur í kennslustund.
 - Þarfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

Sund - nemendur fá einkunn: Lokið – Ólokið. Nemandi fær lokið ef hann lýkur hæfniviðmiðum árgangsins á árinu.

-  Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti þremur af fjórum hæfnipáttum í verklegum prófum.
1. Nemendur verða að geta staðið á botni í grynri hluta laugar, andað að sér og andlitið fært í kaf og andað frá sér (endurtekið 10 sinnum)
 2. Flot á bringu eða baki með eða án hjálpartækja (kútar)
 3. Hoppa af bakka í laug
 4. Bringusundsfótatök við bakka með eða án hjálpartækja
 5. Áhugi og virkni

Smiðjur

Hæfniviðmið

Smiðjur eru uppbrot af hefðbundnu skólastarfi þar sem leitast er eftir að hafa fjölbreytt, áhugavert og skapandi skólastarf. Nemendur fá tækifæri til að velja sér viðfangsefni og nota hæfileika sína. Tilgangur með smiðjum er að slaka á stýringu í skólastarfi, valdefla nemendur og auka sjálfstæði. Smiðjur eru stundum blandaðar þvert á árganga en líka árgangamiðaðar með sameiginleg verkefni og áherslur.

Kennsluefni og kennslugögn

-  Fjölbreytt og breytilegt eftir kennara, stöð og viðfangsefni hverju sinni.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Smiðjurnar eru ólíkar og því eru kennsluhættir margvíslegir. Kennsluhættir eru til dæmis tjáning, hópavinna, spil, leikir, útinám, vettvangsferðir, sýnikennsla og uppgötvunarnám.
-  Markmiðið er að allir nemendur séu virkir þátttakendur í smiðjum. Að allir fái það svigrúm að taka þátt á sínum forsendum.

Námsmat

 Ekkert námsmat

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Hæfniviðmið

Forskóli Tónlistarskóla Reykjanesbæjar (TR) er skyldunám allra nemenda í 1. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Kennt er í litlum hópum, eina kennslustund í viku. Forskólanám er samþætt byrjendanám í tónfræðagreinum. Nemendur fá alhliða þjálfun í tónlist og sköpun. Hlustun, söngur, hrynjálfun, hreyfing og hljóðfæraleikur á skólahljóðfæri eru meðal þeirra þátta sem unnið er með. Unnið er út frá hæfniviðmiðum forskóla Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Hæfniviðmiðin eru markvisst tekin fyrir, allt skólaárið, með fjölbreyttum kennsluaðferðum.

Smelltu hér til að skoða hæfniviðmið

Kennsluefni og kennslugögn

-  Skólahljóðfæri og óhefðbundnir hljóðgjafar
-  Hljóðfæri v/hljóðfærakynninga
-  Ýmislegt efni af veraldarvef
-  Fjölbreytt hlustunarefni
-  Námsbækur, sögubækur og ljóðabækur
-  Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Söngur
-  Hljóðfæraleikur
-  Hljóðfærakynningar
-  Hlustun
-  Sköpun
-  Hreyfing
-  Leikir
-  Einstaklingsvinna
-  Hópavinna

Námsmat

-  Námsmat er á formi símats með tilliti til hæfniviðmiða Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Listir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum lista skipt í sköpun, samskipti, menningu og umhverfi. Námsgreinin er bæði kennd sér en einnig er leitast við að samþætta við aðrar námsgreinar.

Kennsluefni og kennslugögn

-  Leiklist í kennslu
-  Ýmsir vefir, tónlist og myndbönd
-  Pappír
-  Listavagnar

-  Föndurefni
-  Búningar
-  Spjaldtölvur
-  Spil

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Kveikja
-  Umræður og verkefnavinna

Námsmat

-  Ekkert námsmat